

# FÁLKASKÁTAMÓT 2022

## FRÉTTABRÉF 4



Jæja þá fer að líða að lokametrinum. Dagskráin enn í smíðum ótrúlega margt skemmtilegt sem hægt er að gera með þjóðlega þemað í undralandinu við Úlfjótssvatn.

Ef eitthvað er óljóst þá er velkomið að senda póst á [falkaskatamot@skatarnir.is](mailto:falkaskatamot@skatarnir.is) eða á facebook síðunni Fálkaskátamót 22 Aldursbilamót Úlfjótssvatni. Og við munum svara eftir bestu vitund.

Ýmis verkefni eru enn til boða fyrir hjálpara/sjalfboðaliða sérstaklega á föstudeginum. Má þar nefna sjúkragæslu, aðstoð í eldhúsi og aðstoð við dagskrá. Það er alveg í boði að vera bara part úr degi.

### TJALDFLÖTIN

Þá er skráningarfresturinn liðin og endanlegar tölur komnar. Frábært ef félögin sendi inn á [falkaskatamot@skatarnir.is](mailto:falkaskatamot@skatarnir.is) í síðasta lagi laugardaginn 25 júní, hvað þau þurfa mikið pláss fyrir sína tjaldbúð og eins ef þau vilja vera með öðru félagi. Verum sanngjörn svo allir fái pláss.

### HIKE

Leiðin er upp hjá krossinum, eftir fjallinu og niður hjá KSÚ ca 3 km.

### TRÖNUR

Jú það verða trönur í boði 😊

### MÓTSEINKENNI

Við komuna fá þátttakendur mótsmerki bol og klút. Klúturinn verður svo notaður í leik fyrir ýmis verkefni í frjálsa tímanum. (muna að koma með fatatúss til að merkja með nafni og félagi)

### MEIDDI OG GUBBUPEST

Nauðsynlegt er að félögin séu með góðan sjúkrakassa/tösku og að foringjarnir og fararstjórar kunni skil á því sem þar er að finna. Einnig aukadýnu, svefnpoka og handklæði og hafa símanúmer til taks bæði heima og á mótinu til að hringja í ef eitthvað kemur uppá. Oft er vandinn smávægilegur og auðvelt að leysa heima í tjaldbúð með sínum eigin foringja. Í undirbúning gerum við ráð fyrir því versta og vonum hið besta.

### HNETUOFNÆMI

Á þessu móti sleppum við hnetum alveg. **ATH!** að það eru hnetur og hnetumauk í mörgu sælgæti, gott að lesa innihaldslýsingu þegar það er keypt.

### UPPÞVOTTURINN

Ekki er ætlast til að mataráhöld séu þvegin við salernin. Uppþvottaaðstaða er við tjaldmiðstöðina en þar er oft bið. Best ef félögin kæmu með eigin uppþvottagæjur.

## BINGÓ

Við komuna verður afhent blað með 24 reitum. Meiningin er að finna fólk sem getur gert það sem stendur í reitunum og kvittað fyrir. Helst að sami einstaklingurinn kvitti bara í einn reit hjá hverjum þátttakanda. (muna eftir skriffæri)

## LANDVÆTTIR

Í skjaldamerki Íslands má sjá fjóra vætti sem raða sér í kring um skjöld með þjóðfánanum. Þetta eru verndarar landsins. Á mótinu er velkomið að koma með eigin landvætt til verndar tjaldbúðinni. Landvætturinn getur verið tuskudýr úr IKEA, trjádrumbur, fuglahræða eða hvað eina sem ykkur dettur í hug.

## GEFA SÓL

Sólin er gefin þannig að einstaklingur strýkur með flötum lófa í hringi á bakið á vini eða ókunnugum, snýr honum síðan að sér og segir eitthvað fallegt við hann í leiðinni og það þarf að vera satt.

## HVÍSL ÚR FORTÍÐINNI

Sjá söguna um Jóru í Jórukleif en þessi risastóra kona æddi upp Grafninginn og fram hjá Úlfjótssvatni á leið sinni upp á Jórukleif. (Sagan er hér fyrir neðan)

## ÁRAGLAMUR Á VATNINU OG ENIGNN BÁTUR

Sjá söguna um Sólveigu í selinu sem eignaðist barn með huldumanni. En sagt er að ef heyrir áraglamur á vatninu en eingin bátur sjáanlegur þá veiðist vel. (Sagan er hér fyrir neðan)

## TIK TOK DANS

Þar sem ekki er gert ráð fyrir notkun síma á mótinu en velkomið að nota hljóðfæri hvort sem er keypt eða heimatilbúin ásamt eigin rödd.

## BÁLBÆNI

Mótið verður sett með bálbæninni fallegu og gaman ef margir þekktu hana og tækju vel undir:

*Í glóð bálsins geymist fortíðin.*

*Í óbrunni eldsneyti bíður framtíðin*

*Í logum bálsins leiftrar nútíðin,*

*og hennar skulum við nú njóta.*

*Skátasystkini bálið er vígt.*

## FJÖLSKYLDUR OG MÓTIÐ

Eingin sérstök fjölskyldubúð verður á mótinu en tjaldstæðið verður opið almenning og þar geta fjölskyldur gert sína eigin viðburði ef þau vilja. Við vitum að það getur verið mjög erfitt að láta barnið sitt í friði á mótinu og að fá ekkert að vera með og upplifa sjálfur nema rétt á kvöldvökunni á laugardagskvöldinu. Ágæt lausn á því getur verið að hjálpa til á mótinu til dæmis við dagskrá, í eldhúsi og sjúkragæslu. Það má skrá sig á sportablar senda okkur skilaboð á facebook síðunni Fálkaskátamót 22 Aldursbilamót Úlfljótssvatni eða á [falkaskatamot@skatarnir.is](mailto:falkaskatamot@skatarnir.is)

## ÚTBÚNAÐARLISTI FÉLAGA

Félögin gera sinn eigin útbúnaðarlista en hér eru nokkur atriði sem ekki mega gleymast:

- Sjúkrakassi algjör skylda muna að yfirfara.
- Handspritt.
- Auka svefnpoka, dýnur, teppi, handklæði fyrir neyðartilvik.
- Merkitúss til að merkja klúta og boli.
- Pott, sleif og ausu fyrir hafragraut og kakó.
- Gas til að hita kakó og vatn í uppbvottinn og elda hafragraut.
- Bala, fötu, uppbvottalög, og uppbvottabursta.
- Diskapurkur og tuskur.

Svo gæti verið gaman að taka með:

- Skyldi eða annað þjóðlegt dót til að skreyta með tjaldbúðina.
- Landvætt til verndar tjaldbúðinni.
- Snæri til að súrra með.
- Þrjóna, nálar og garn.
- Pappír, skæri og skriffæri.
- Hljóðfæri.

## ÚTBÚNAÐARLISTI SKÁTINN

Félögin hjálpa skátunum með útbúnaðarlista en hér eru nokkur atriði sem mega ekki gleymast:

- Mataráhöld.
- Bolla fyrir drykk hjá seiðkonu.
- Léttur dagpoki fyrir gönguferð og vatnasafarí.
- Vatnsflaska.
- Skór og flíkur sem mega blotna og verða mjög óhrein.
- Handklæði.
- Hlý föt
- Regnföt og stígvél eða skó sem halda þurru

Svo væri gaman aða hafa með:

- Skjöld eða annað þjóðlegt dót til að skreyta með
- Þrjóna, heklunál, nál
- Garn.
- Skæri, pappír og skriffæri.
- Kúrudýr til að kúra hjá á nóttunni og passa bólið á daginn.
- Útilegustól

Með skátakveðju,  
Mótsstjórnin.

Hérna fyrir neðan er smávegis þjóðlegur fróðleikur sem gæti verið gaman að vita.



## HVÍSL ÚR FORTÍÐINNI

Jórunn hét stúlka ein, bóndadóttir frá Jórvík í Sandvíkurhrepp rétt austan við Selfoss. Jórunn var ung og efnileg en þótti heldur skapstór. Hún var matselja hjá föður sínum.

Einhvern dag bar svo við, að hestaat var haldið skammt frá bæ Jórunnar, átti faðir hennar annan hestinn er etja skyldi og hafði Jórunn miklar mætur á honum.

Þegar Jórunn sá að hestur föður hennar fór heldur halloka fyrir kenninautnum varð hún svo æf og tryllt, að hún óð að hinum hestinum, reif undan honum lærið og hljóp af stað með það upp að Ölfusá hjá Laxfossi. Þar þreif hún upp bjarg eitt mikið úr hömrinum við ána, og kastaði því út í miðja á. (Þetta er kletturinn með jólatrénu). Síðan hljóp hún yfir á stillum þessum og mælti um leið:

*„Mátulegt er meyarstig*

*mál mun vera að gipta sig.“*

Þar hélt hún upp Ölfus, austan undir Ingólfsfjalli upp í Grafning framhjá Úlfjótssvatni og linnti ekki hlaupunum, fyrr en hún kom upp í Hengil. Þar tók hún sér bólfestu í hellir sem nú heitir Jóruhellir.

Jórunn og varð hið versta tröll, og grandaði bæði mönnum og málleysingum. Það varð siður hennar að sitja löngum stundum á stað í Henglafjöllum sem nú heitir Jórusöðull og skyggjast eftir ferðamönnum sem hún svo rændi og drap. Hún varð svo ill og hamröm, að hún eyddi byggðina í nánd við sig og vegirnir lögðust af. Þótti mönnum svo mikið mein að þessari óvætt, að þeir gjörðu mannsöfnuð til að ráða hana af dögum; en engu fengu þeir áorkað í því.

En svo var það ungur bóndasonur sem fór til Noregs. Hann gekk fyrir konung sagði honum frá meinvætti þessum er byggir í Henginum og bað konung kenna sér ráð til að ráða trölloð af dögum.

Konungur segir, að hann skuli fara að Jóru um sólar uppkomu á hvítasunnumorgun; „því ekki er svo vond vættur, né svo hamramt tröll til, að ekki sofi það þá,“ segir konungur. „Muntu þá koma að Jóru sofandi, og mun hún liggja á grúfu. Er hér öxi, er eg vil gefa þér,“ segir konungur, og fékk honum um leið öxi silfurrekna, „og skaltu höggva henni milli herða tröllsins. Mun þá Jóra vakna, er hún kennir sársaukans, snúa sér við og segja: „Hendurnar fastar við skaptið“. “Þá skaltu segja: „Fari þá öxin fram af. “Mun hvortveggja verða að áhrínsorðum, og mun Jóra velta sér niður í vatn sem er þar skammt frá, með axarblaðið milli herðanna. Mun axarblaðið síðan reka upp í á þá, sem við hana mun kennd verða, þar munu Íslendingar síðan velja sér þingstað.“ Svo mælti konungur.

Bóndasonurinn ungi þakkaði honum ráðin og axargjöfina. Fór hann síðan heim til Íslands, og fór að öllu, sem konungur hafði fyrir hann lagt, og banaði Jóru. Rættist öll spá konungs, og rak axarblaðið í á þá, sem síðan heitir Öxará, þar sem Íslendingar settu alþingi sitt.

Sem betur fer heppnaðist þetta hjá unga manningnum því annars værum við varla að halda skátamót við Úlfjótswatn. En ef það er rétt að stundum sé hægt að heyra hvísl úr fortíðinni, hljótum við að geta heyrt óminn af fyrirganginum og bölvinu í Jóru þegar hún æddi upp Grafningin á leiðinni upp í Hengil.

## ÁRAGLAMM Á VATNINU

Í fyrndinni var bóndadóttir í Kaldárhöfða er Sólveig hét hún var kvenna fríðust og vel að sér um alla hluti. Sólveig dvaldi oft á sumrin í seli er var sennilega á heiðinni fyrir ofan Kaldárhöfða.

Einn sólskynsbjartan og hlýjan morgun er Sólveig gekk upp blómum skrydda brekkuna fyrir ofan selið veit hún ekki fyrr en forkunnar fríður rauðklæddur maður stendur við hlið hennar.

"Sæl vertu fríða mey," segir hann, "ég hef séð þig á hverjum degi þegar þú hefur gengið á kvíarnar en þú hefur eigi orðið þess vör" Svo útskýrði maðurinn fyrir henni að hún hefði ekki séð hann því hún sæi einungis hið mannlega og að það væru ekki einungis lifandi verur á yfirborði jarðarinnar, heldur og í loftinu og jörðinni alveg niður að jarðarmiðju. Allstaðar væri líf, allstaðar lifandi verur.

„En þar sem lífið er þar er og ástin. Hún sigrar mennina og hún sigrar þær verur sem eru máttugri en mennirnir. Hún á sér eins stað og þróast inni í hólunum eins og á yfirborði þeirra. Hún þarf ekki yl sólarinnar því hún er sjálf sól, hún þarf einungis andstæði til að lenda á."

Sólveig varð ekkert hrædd og ekki vissi hún af sér fyrri en hún lá í faðmi rauðklædda mannsins. Þá raknaði hún við eins og af draumi og ástin sem hún hafði áður gert sér einungis daufa hugmynd um hafði nú gagntekið hjarta hennar. Maðurinn hvarf og hún var ein. Henni fannst eins og sig vantaði eitthvað og söknuður þrýsti að brjósti hennar.

Eftir þetta heimsótti rauðklæddi maðurinn hana oft og sat hjá henni, en engin vissi það nema hún. En svo fór að hún átti barn í selinu var rauðklæddi maðurinn hjá henni og fór burtu með barnið. Hann hélt samt áfram að vitja hennar í selinu.

Svo var það eitt laugardagskvöld tólf árum seinna. Sólin að renna til viðar og sló gullroða á jaðrana á skýjabólstrunum sem voru að hnappa sig saman í loftinu. Það leit rigningarlega úr himinninn þungbúinn og þokubeltin liðuðust um fjallatindana.

Húsfreyja sat á bæjardyrabrepskildinum og var að lyppa og skemmta bónda sínum sem var að kurla úti á hlaðinu.

"Ósköp geispa ég," segir Sólveig, "ég held það sæki einhver að mér."

"Þig er líklega farið að syfja, góðin mín," segir bóndi, "og það mun vera öll aðsóknin."

"Nei, taktu eftir," segir hún, "hér kemur einhver í kvöld."

Bóndi stendur þá upp og hættir að kurla, verður litið út í túnið og sér tvo menn koma. Hann segir: "Ég held þú ætlir að segja satt, góðin mín; þarna koma tveir menn gangandi."

Mennirnir koma í hlaðið og var annar roskinn, en hinn ungur piltur og efnilegur. En þegar Sólveig sér þá hleypur hún inn í bæinn og skilur eftir lárinn og lyppuna í dyrunum. Gestirnir báðu bónda að lofa sér að vera og fengu þeir það. Ekki lét Sólveig þá sjá sig um kvöldið.

Um morguninn fóru hjónin til kirkju og ætluðu að verða til altaris. Þau kvöddu allt fólkið með kossi og báðu það fyrirgefa sér allt er þeim hefði á orðið, eins og þá var siður.

En er þau komu út í túnið spyr bóndi Sólveigu hvort hún hafi kvatt gestina. Hún segir nei.

"Farðu þá heim aftur, elskan mín," segir hann, "og gerðu það og breyttu ekki út af gamalli venju guðhræddra manna."

"Þessa mun þig lengst iðra," segir Sólveig og fer heim grátandi.

Er bónda fer að lengja eftir konu sinni fer hann heim finnur hann þá Sólveigu í faðmi hins eldra komumanns og voru þau bæði örend, en drengurinn stóð grátandi yfir þeim. Sagði hann nú bónda upp alla söguna eins og faðir hans hafði sagt honum hana.

Nú er selið í auðn og blómskrídda brekkan moldrunnin. Einstaka ferðalangar eiga leið þarna í dag. Hvíla sig kannski við tóftirnar hvort þeir verða varir við huldufólk vitum við ekki og ekkert víst að þeir viti það sjálfir. En eitt er víst að stundum má heyra áraglamm á vatninu þó eingin sjáist báturinn. Og er það mál manna að það sé fyrir góðum silungsföngum